

**3447. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
14. janúar 2021 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, skrifstofustjóri.

**Fyrir tekið:**

- 1. 2001006 - Fundargerðir 2020 - Menningar- og safnanefnd**  
30. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 17. desember 2020.  
*Fundargerðin er lögð fram til kynningar.*

- 2. 2001240 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020**  
354. mál til umsagnar - frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.  
355. mál til umsagnar - frumvarp til laga um Barna- og fjölskyldustofu.  
356. mál til umsagnar - frumvarp til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.  
339. mál - til umsagnar frumvarp til laga um kosningalög.  
360. mál til umsagnar - tillögu til þingsályktunar um græna atvinnubyltingu.  
*Lagt fram.*

- 3. 2101110 - Reglur 2021 - afsláttur af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega**  
Reglur um afslátt fasteignagjalda eldri borgara og öryrkja 2021.

Kristjana Helga Ólafsdóttir deildarstjóri fjármála kemur inn á fundinn undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir reglur um afslátt af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega á Akranesi fyrir árið 2021 og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar.*

- 4. 2006135 - Mánaðar- og árshlutauppgjör 2020**  
Rekstraryfirlit janúar til nóvember 2020.

Kristjana situr áfram á fundinum undir þessum lið.

Steinar Adolffson sviðsstjóri kemur inn á fundinn undir þessum lið.

*Bæjarráð þakkar Kristjönu og Steinari fyrir greinagóða yfirferð á rekstrinum frá janúar til nóvember 2020 ásamt kynningu á breyttu fyrirkomulagi á upplýsingagjöf um rekstrarstöðu sveitarfélagsins.*

- 5. 2101022 - Æðaroddi 40 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn um byggingarlóð við Æðarodda 40. Umsóknargjald hefur verið greitt og umsókn því tæk til afgreiðslu.

Vakin er athygli á að óskað er eftir að nýtt sé 4. grein í gjaldskrá Akraneskaupstaðar.

Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri koma inn á fundinn undir þessum lið.

*Bæjarráð þakkar Stefáni og Sigurði fyrir komuna á fundinn.*

*Bæjarráð óskar eftir umsögn skipulags- og umhverfisráðs um beiðni viðkomandi um nýtingu afsláttar í samræmi við 4. gr. gjaldskrár gatnagerðargjalda. Bæjarráð frestar því afgreiðslu málsins þar til sú umsögn liggur fyrir. Málið verður lagt fyrir á ný þann 28. janúar næstkomandi.*

**6. 2011290 - Beykiskógar 19 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn um byggingarlóð við Beykiskóga 19. Umsóknargjald hefur verið greitt og því umsókn tæk til afgreiðslu.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðar við Beykiskóga 19 til umsækjenda.*

**7. 2012274 - Gjaldskrár 2021**

Beiðni um leiðréttingu á gjaldskrá bókasafnsins.

*Bæjarráð samþykkir erindið.*

**8. 2101049 - List á hringtorgum**

Erindi Guðmundar R. Lúðvíkssonar myndlistamanns um list á hringtorgum.

*Bæjarráð þakkar fyrir erindið en getur ekki orðið við erindinu.*

**9. 2005083 - Skátafélag Akraness - samstarfssamningur**

Erindi til bæjarráðs frá Skátafélagi Akraness þar sem óskað er eftir endurskoðun á samstarfssamning.

Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Erindið lagt fram og afgreiðslu málsins frestað. Bæjarráð felur sviðsstjóra stjórnarsýslu- og fjármálasviðs frekari úrvinnslu málsins.*

**10. 2011254 - Tryggingar Akraneskaupstaðar 2019 - 2021**

Lokun starfsstöðvar TM á Akranesi.

*Bæjarstjóri fór yfir stöðu mála og felur bæjarráð bæjarstjóra frekari úrvinnslu þess.*

**11. 1908011 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur**

Samningur Akraneskaupstaðar og Íþróttabandalagsins.

*RÓ viku af fundi undir þessum lið.*

*Síðastliðið haust skipaði bæjarráð í samvinnu með skóla- og frístundaráði nýjan starfshóp með fulltrúum Akraneskaupstaðar og ÍA sem var falið að leggja fram tillögu að fyrirkomulagi að úthlutun fjármagns, sem stuðla ætti að gagnsæi og jafnvægi á úthlutunum til aðildarféлага ÍA. Vinnu þess starfshóps lauk í nóvember s.l og samþykkti bæjarráð þann 4. desember sl. að hækka fjárveitingu til Íþróttastarfs hjá ÍA um 18,4 milljónir króna og er því á árinu 2021 samtals 35,1 milljónir króna.*

*Bæjarráð samþykkir að fjárhæðinni verður úthlutað þannig að 23,4 milljónir króna munu fara til barna- og unglingsstarfs en 11,7 milljónir króna fara í „styrktarsjóð ÍA“ sem verður til úthlutunar til íþróttafélaga. ÍA mun sjá um úthlutun úr styrktarsjóð ÍA en um 80% verða styrkir vegna grunnkostnaðar aðildarfélaga, 10% verða hvatastyrkir til aðildarfélaga og 10% verða afreksstyrkir til að verðlauna fyrir sérgreind afrek.*

## **12. 2101143 - Þorablót Skagamanna 2021**

Þorablót Skagamanna 2021.

*Bæjarráð samþykkir styrkveitingu til viðburðarins Þorablót Skagamanna samtals kr. 500.000 árið 2021 í ljósi sérstakra aðstæðna vegna heimsfaraldurs.*

*Útgjöldin verða færð af 21010-5948.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. .**